

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

Grettir Sterki Siflueyðir

Vörunúmer:
200771

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

Ensím ehf

**Hamraborg 1-3
200 Kópavogur**

Sími: 564 4299 Bréfsími: 564 4295

United Laboratories. USA.

Efnavörudeild

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Inniheldur hreinan lífrænan brennisteins uppleysir

3. Varúðarupplýsingar

Efnið er ætandi og getur valdið alvarlegum bruna

4. Skyndihjálp

Almennt:

Ef grunur er um heilsutjón eða krankleika leitið þá strax lækni. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.

Snerting við húð:

Húð og fót sem hafa komist í snertingu við efnið á að skola með miklu af volgu vatni eða boríc upplausn. Eftir að svæðið hefur verið hreinsað skal fjarlægja þau fót sem hafa komist í snertingu við efnið. Haldið áfram að láta volgt vatn eða boríc lausn leika um húðina í a.m.k. 5 mín. Ef blöðrur myndast má setja sóttgreinisaðan bakstur á svæðið og ef þörf krefur hafið samband við lækni

Slettur í augu:

Ef efnið kemst í snertingu við augu getur viðbragðshraði ráðið úrslitum. Augnhreinsibúnaður ætti að vera til staðar við notkun. Mælt er með kranavatni eða augnhreinsiuþplausn. Sjúklingurinn ætti að leggjast niður og höfði hans haldið. Haldið augnlokunum opnum og látið vatn streyma um augun í a.m.k. 15 mín. Hvetjið sjúklingnum til að velta augunum á meðan á þessu stendur. Sóttgreinisaðan lepp eða sjúkkraband ætti síðan að setja yfir augun. Það skal alltaf leita til lækni ef sýra berst í augu.

Innöndun:

Flytjið sjúklinginn í ferskt loft og leitið ráða lækni.

Inntaka:

Ef efnið er drukkið, hvort sem er í litlu magni eða miklu, er mjög mikilvægt að viðkomandi sé gefið mikið magn af vatni eða mjólk. Leitið strax lækni.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni:

Þurrduft eða kolsýra.

Efnið er ekki eldfimt.

NOTIÐ EKKI VATN.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi hlífðarföt/útbúnað. Ef efnið hellist niður í litlu magni skal láta vatn streyma um svæðið. Ef um mikið magn er að ræða setjið þá sand, mold eða sóða yfir svæðið og látið drekka í sig. Ekki skal nota sag eða önnur eldfim efni.

7. Meðhöndlun og geymsla

Geymið þar sem börn ná ekki til. Snúið tappanum ávallt upp. Geymið á þurrum stað. Varast skal að gat komi á pakkningar. Forðist að efni berist í augu eða á húð. Bætið aldrei vatni við nema þegar efnið berst á húð eða hellist niður í litlu magni. Þegar Grettir Sterka er hellt í vatn skal gæta ítrustu varúðar. Notið ekki Grettir Sterka í önnur efni. Lokið ávallt öryggislokinu.

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varhugaverðra efna.

Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi hlífðarföt/útbúnað.

Má ekki geyma hjá matvælum eða öðrum neysluvörum eða föðri.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.

Til hlífðar höndum: efnapolnir hanskar (PVC eða gúmmí) og græðandi krem.

Til hlífðar augum: öryggisgleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísu stað.

Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði. Neyðarsturta æskileg á vinnustað. Þvoið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Útlit:	vökvi
Litur:	ljósrauður
Lykt:	hverfandi
Bræðslumark:	-
Suðumark:	-
Eðlisþyngd:	-
Seigja:	-
pH:	> 1
Leysni í vatni:	blandið ekki með vatni
Hlutfall rokgjarnra efna:	-
Blossamark:	ekki eldfimt

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Grettir Sterki er eitradur ætandi vökvi.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Innöndun:	Efnið er ætandi. Meðhöndlið með varúð.
Slettur í augu:	Getur valdið alvarlegum skemmdum, mögulega blindu.
Inntaka:	Getur valdið alvarlegum bruna.
Sneriting við húð:	Varist alla snertingu við húð. Getur valdið alvarlegum bruna um allan líkama.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Notið allar varúðarráðstafanir við meðhöndlun efnisins. Getur valdið alvarlegum bruna.

13. Förgun

Hafið samband við bæjaryfirvöld.

14. Flutningur

Sjóflutningar:	IMO/IMDG
Flugfrakt:	ICAO/IATA
Mengar sjó:	Já

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Hættuleg efni:	brennisteinssýra
Hættusetningar:	H35
Varúðarsetningar:	V26-V28/V30
Varnaðarmerki:	C (Ætandi)
Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:	
236/1990	Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðanda. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnisþætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda. Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.